

1095. stjórnarfundur VR**Haldinn fimmtudaginn 27. júní í Kringlunni 7 á 0. hæð**

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Sigurður Sigfússon, Ásta Rut Jónasdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Halbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Jóhanna Rúnarsdóttir. Fríður Birna var á símafundi frá Ísafirði. Einnig sat fundinn framkvæmdastjóri VR, Helga Árnadóttir
Formaður VR, Ólafía Björk Rafnsdóttir, setti fundinn kl.12:10

Dagskrá:

1. Skipulagsmál

Ólafía Björk bauð fundarmenn velkomna og vakti umleið athygli á því að einn stjórnarmaður, Fríður Birna, væri á fundinum í gegnum síma.

Í máli Ólafíu Bjarkar kom fram að Fríður Birna og síðan nokkrir stjórnarmenn hefðu beðið um að þessi fundur væri haldinn svo ræða mætti vinnulag formanns VR kringum fyrirhugaðar skipulagsbreytingar. Næst fóru Ólafía Björk og Helga framkvæmdastjóri yfir sín sjónarmið varðandi fyrirhugaðar breytingar. Umræður. Niðurstaðan er sú að farið verður í skipulagsbreytingarnar samkvæmt þeim hugmyndum sem formaður VR hefur stillt upp og meirihluti stjórnar hefur samþykkt.

2. Vinnulag formanns.

Ólafía Björk sagði í stuttu máli frá því hvernig hafi verið háttað vinnulagi við að hún aflaði samþykkis stjórnarmanna á væntanlegum skipulagsbreytingum og svaraði gagnrýni sem fram kom.

Í lokaorðum formanns kom fram, að óskað yrði eftir því við launanefnd VR að nefndarmenn tæku að sér að klára starfslýsingu framkvæmdastjóra og var það samþykkt. Að vinna við skipurit VR yrði klárað á skrifstofu VR eftir að formaður hefði stillt því upp.

Miklar umræður urðu eftir skýringar Ólafíu Bjarkar og voru skoðanir nokkuð skiptar meðal fundarmanna.

Fundi slitið 13:35

Sigurður Sigfússon, fundarritari